STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 1995

15. september 1995 1233 Nr. 484

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Skjálfanda.

1. gr.

Frá og með 18. september 1995 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði á Skjálfanda, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°32,00 N - 17°10,00 V
2. 66°17,24 N - 17°10,00 V
3. 66°11,21 N - 17°45,00 V
4. 66°13,00 N - 17°45,00 V
5. 66°17,00 N - 17°33,00 V
6. 66°32,00 N - 17°33,00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðulögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 88, nr. 484. Útgáfudagur 15. september 1995.

B 87
Gutenberg